

Nd.

826. Nefndarálit

[138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu er fram kemur á sérstöku þingskjali. Nefndinni barst umsögn frá fjármálaráðuneytinu og fylgir hún nefndarálitinu.

Alþingi, 13. maí 1981.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Albert Guðmundsson.	Matthías Bjarnason.
Guðm. J. Guðmundsson.	Matthías Á. Mathiesen.	Jón Ingi Ingvarsson.
	Sighvatur Björgvinsson.	

#### Fylgiskjal.

Fjárhags- og viðskiptanefnd  
neðri deildar Alþingis  
h.t. Halldórs Ásgrímssonar  
Reykjavík.

Fjármálaráðuneytið  
2. apríl 1981.

Ráðuneytið hefur haft til athugunar erindi nefndarinnar, dags. 11. mars s.l., þar sem þess er farið á leit, að ráðuneytið láti nefndinni í té upplýsingar um innflutning og greiddan toll þeirra vara sem um getur í 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá, með síðari breytingum, sem er 138. mál Alþingis. Jafnframt er óskað eftir sömu upplýsingum um „hunda- og kattamat“ sem getið er í greinargerð með frumvarpinu.

Til svars erindinu tekur ráðuneytið fram að hér umræddar vörur flokkast undir svokölluð blönduð tollskrárnúmer í 1. gr. tollskrárlaga, þ.e. undir tollskrárnúmer þessi flokkast verulegur fjöldi vörutegunda sem eru til hliðstæðra eða sömu nota. Af þessu leiðir að engar opinberar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um innflutning eða greiddan toll af einstökum vörutegundum innan viðkomandi tollskrárnúmera og er miklum erfiðleikum bundið að afla þeirra. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var heildarinnflutningsverðmæti í viðkomandi tollskrárnúmerum, í þús. gkr., á árinu 1980 eftirfarandi:

Tollskrárnúmer	Tollverð	Tolltaxti %	Tollur
04.02.20	388	50	194
19.02.09	121 838	50	60 919
20.02.05	34 240	70	23 968
20.05.03	7 246	70	5 072
20.06.20	803 535	50	401 768
23.07.00	4 183 294	0	0
	<hr/>		<hr/>
	5 150 541		491 921

Ráðuneytið telur sér eigi fært að leggja mat á það, hver hlutur vara þeirra, sem frumvarpið tekur til, er í innflutningsverði eða áætluðum tollum samkvæmt framanrituðu. Að gefnu tilefni tekur ráðuneytið þó fram að lokum, að undir tollskrárnúmer 23.07.00 flokkast margs konar skepnufóður. Telur ráðuneytið að innflutningur svonefnds gæludýrafóðurs geti tæpast verið nema óverulegur hluti þess innflutningsverðmætis sem samkvæmt framanrituðu var flutt til landsins á síðast liðnu ári.

F. h. r.

**Björn Hafsteinsson.**

*Sigurgeir A. Jónsson.*